



HAFNARFJÖRÐUR

Velferðarráðuneytið
b.t. Bryndísar Þorvaldsdóttur
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 22. mars 2017
1404159 RE

Efni: Sólvangur, dagdvalarrými

Þann 2. maí 2013 veitti velferðarráðuneytið Hafnarfjarðarbæ heimild til reksturs 8 dagdvalarrýma sem rekin skuli á Sólvangi. Dagdvölin tók til starfa 1. júní 2013 og hefur starfsemin gengið vel. Biðlisti hefur verið eftir þjónustunni frá meira og minna frá því að dagdvölin hóf starfsemi.

Hafnarfjarðarbær hefur í tvígang óskað eftir fjölgun rýma í dagdvölinni, með bréfum til ráðuneytisins dagsettum 12. maí 2014 og 28. ágúst 2015. Þau svör hafa borist að ekki hafi verið gert ráð fyrir þeirri fjölgun í fjárlögum þrátt fyrir að ráðuneytið hafi skilning á mikilvægi dagdvalar sem stoðþjónusta við aldraða og ráðuneytið hafi í raun lagt áherslu á það undanfarin misseri að fjölga slíkum úrræðum. Fram hefur komið í svarbréfum ráðuneytisins að eftir sem áður muni ráðuneytið leitast við að fjölga dagdvalarrýmum í samræmi við forgangsröðun á þörf fyrir þjónustu og fjárlög.

Hér með er ítrekuð beiðni um fjölgun dagdvalarrýma í dagdvölinni í Sólvangi

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu